



Desember 2022

Ágætu félagar.

Það er einlæg ósk okkar sem erum í stjórn Félags um uppbyggingu sjálfsaga að starfið gangi vel í skólunum og þið séuð að nýta ykkur uppbyggingastefnuna. Eins og þið vitið þá nýtist stefnan vel í samskiptum, við úrlausnir mála, vinnu með lifsgildi, bekkjarbrag og hún mótar svo sannarlega skólabraginn.

Eftir áramótin ætlum við að fara af stað með fræðslu fyrir leiðtoga í skólum. Við höfum nú þegar sent bréf til allra stjórnenda leik- og grunnskóla og beðið um netföng leiðtoganna. Markmiðið með þessu verkefni er að styrkja leiðtogana þannig að þeir geti enn frekar leitt starfið í sínum skóla, geti frætt samstarfsfólk sitt og gert áætlanir. Við komum til með að boða til fyrsta fundar fljótlega eftir áramótin. Ef einhver leiðtogi/stjórnandi á eftir að skrá sig til leiks þá endilega sendið undirritaðri póst.

Á heimasíðu félagsins má nú sjá hugmynd af ársáætlun fyrir grunnskóla varðandi kennslu og upprifjun á ýmsum þáttum stefnunnar. Þessi ársáætlun kemur frá Grunnskóla Grindavíkur og er vistuð undir Bjargir og krækjur á heimasíðu félagsins. Við þökkum leiðtogum uppbyggingar í Grindavík kærlega fyrir að fá leyfi til að birta áætlunina.

Við hvetjum ykkur til að nýta t.d. starfsmannafundi og deildafundi til að rifja upp stefnuna og gera áætlun um næstu skref. Svo er mikilvægt að allir starfsmenn skóla hjálpist að við notkun aðferðanna, minna hvert annað á og leiðbeina. Þannig lærum við af hvert öðru og verðum öruggari og nemendur upplifa samstöðu og betri líðan. Alltaf er hægt að hafa samband við félagið varðandi aðstoð því auk leiðtoganna ykkar þá getið þið fengið leiðbeinendur á vegum félagsins til að taka að sér námskeið, upprifjunarfundi, hvatningafundi o.fl.

Aðferðir uppbyggingar byggja á gagnreyndum aðferðum sem styðjast við ýmsar rannsóknir fræðimanna. Á heimasíðu félagsins má finna bækur og ritgerðir sem fjalla um stefnuna og aðferðir hennar. Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að glugga í bækur og rannsóknir t.d. bækur Diane Gossen sem til eru á íslensku, William Glassers, Eric Jensen, Brené Brown o.fl. Gaman væri að fá fréttir af góðum bókum sem þið eruð að lesa og fjalla um uppbyggingu sjálfsaga, uppeldi til ábyrgðar

Upplag úti- og innifána kláraðist í sumar en nú er búið að framleiða meira þannig að þið getið keypt fána hjá gjaldkera félagsins, Sveinbirni Markúsi Njálssyni (sveinbjorn.njalsson@gmail.com). Sveinbjörn er einnig með til sölu bækur eftir Diane Gossen á íslensku.

Fyrir hönd stjórnar sendi ég ykkur hátíðarkveðju

Guðbjörg M. Sveinsdóttir

gudbjorgmsv@gmail.com

formaður Félags um uppbyggingu sjálfaga.